



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/974
komudagur 9.2.2012

Skagafjörður, 09. febrúar 2012
nr. erindis 1202079 HSB

Á 582. fundi Byggðarráðs Skagafjarðar 9. febrúar 2012 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, mál 408

Svofeild bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur frá atvinnuveganefnd Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (þjóðareign á nytjastofnum og nýtingarréttur), 408. mál.

Byggðarráð ítrekar eftirfarandi bókun ráðsins um stjórn fiskveiða frá 563. fundi, 18. ágúst 2011 og var staðfest á 281. fundi sveitarstjórnar 23. ágúst 2011.

"Byggðarráð samþykkir svohljóðandi bókun: Mikilvægt er að kveðið sé á um það í lögum að nytjastofnar við Ísland séu í óskoraðri þjóðareign og að réttur sjávarbyggða og íbúa þeirra verði tryggður gagnvart nýtingu auðlindarinnar. Þá þarf að vera tryggt að atvinnugreininni sé búið nauðsynlegt rekstraröryggi ásamt því að gætt sé að hagkvæmnissjónarmiðum í þeirri umgjörð sem sjávarútvegi er búin af hálfu stjórnvalda. Byggðarráð Skagafjarðar leggur áherslu á að ekki verði gerðar neinar þær breytingar á lögum er varða sjávarútveg, sem er ein mikilvægasta atvinnugrein héraðsins, er orðið geti til að veikja stöðu byggðalagsins. Grundvallar markmið lagabreytinga þarf að vera að styrkja veiðar og vinnslu í sjávarbyggðum og auka búsetuöryggi á svæðum sem byggja afkomu sína að stóru leiti á sjávarútvegi."

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. Byggðarráðs Skagafjarðar


Helga S. Bergsdóttir
Stjórnsýsluritari

Samrit, tölvupóstur: Alþingismenn Norðurlandskjördæmis vestra.